



VR

blaðið

2. tbl. 25. árg. – Mars 2003 – Upplag: 21.500

**Orlofshús
sumarið 2003**

**Uppsagnir í
fæðingarorlofi**

**Fjölgun
eíneltismála**

KARLMENN OG FÆÐINGARORLOF

**Yfir 85% karla
í fæðingarorlof**

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur,
Húsi verslunarinnar – Sími 510 1700 – Fax 510 1717
Netfang: vr@vr.is – Heimasíða: www.vr.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Páll Pálsson

Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir

Útlit: Ólafur Gaukur

Umbrot og prentvinnsla: Prentmet ehf.

Starfsfólk á skrifstofu:

Gunnar Páll Pálsson formaður, Sigurlaug Hilmarsdóttir, forstöðumaður rekstrarsviðs, Elías Magnússon, forstöðumaður þjónustusviðs, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, forstöðumaður tengslasviðs, Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður samskipta- og þróunarsviðs, Alda Sigurðardóttir, Andri Guðmundsson, Anna Björg Siggeirsdóttir, Auður Búa-dóttir, Árni Leósson, Ásta Sveinsdóttir, Ástríður Valbjörnsdóttir, Bertha Biering, Björn Halldór Björns-son, Dóra Björk Scott, Einar M. Nikulásson, Elín Sveinsdóttir, Elísabet Magnúsdóttir, Elvar Níelsson, Grétar Hannesson, Guðrún Erla Hafsteinsdóttir, Guðrún Þorgerður Hlöðversdóttir, Gunnar Kristinn Hilmarsson, Hafsteinn J. Hannesson, Hallur Guðjóns-son, Hansína Gísladóttir, Harpa Gunnarsdóttir, Heiða Björg Tómasdóttir, Júnía Þorkelsdóttir, Laufey Eydal, Magnús L. Sveinsson, Málfríður Þorkelsdóttir, Ragnhildur A. Þorgeirsdóttir, Rannveig Rögnvaldsdóttir, Reynir Jóseppson, Rósmarý Úlfarsdóttir, Sigrún Svava Gísladóttir, Sigrún Esther Guðmundsdóttir, Sigrún Víktorsdóttir, Snorri Kristjánsson, Steinunn Böðvarsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir, Þorgrímur Guðmundsson og Þórunn Jónsdóttir.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur:

Gunnar Páll Pálsson formaður, Stefánía Magnúsdóttir varaformaður, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir ritari.

Meðstjórnendur: Benedikt Vilhjálmsson, Edda Kjartansdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Kolbeinn Sigurjónsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Baldursdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson, Valdís Haraldsdóttir.

Varamenn: Ingvaldur Sigurðardóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson.

Stjórn Orlofssjóðs VR:

Benedikt Vilhjálmsson, Grétar Hannesson, Reynir Jóseppson, Valur M. Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir og Sigurður Sigfússon.

Stjórn Sjúkrasjóðs VR:

Gunnar Páll Pálsson, Steinar J. Kristjánsson, Benedikt Vilhjálmsson, Kolbeinn Sigurjónsson og Stefánía Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR:

Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Baldursdóttir, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir og Sigurður Sigfússon.

VR blaðið er blað félagsmanna Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Verslunarmannafélags Akraness



Rekstur orlofshúsa

Þegar verkalýðshreyfingin hóf uppbygg-ingu orlofsbyggða fyrir félagsmenn sína var framboð í ferðamálum mjög takmarkað hér á landi. Markmiðið með rekstri orlofsbyggða var því að skapa möguleika fyrir félagsmenn að njóta orlofs, eða eins og segir í Afmælis-riti VR; „...stuðla að raunhæfu gildi orlofsins með því að auðvelda félagsfólki að njóta orlofs og hvíldar.“ Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan VR byggði fyrsta orlofshúsið sitt í Ölfusborgum árið 1964.

Á síðasta ári kostaði rekstur Orlofssjóðs VR um 120 milljónir. Á undanförunum árum hafa rúmlega 2000 fjölskyldur félagsmanna dvalið árlega í orlofshúsum og tjaldvögnum félagsins eða rúmlega 10% félagsmanna. Mest er þó ásóknin yfir sumartímann og sækja yfir tvöfalt fleiri um þær rúmlega 1000 „útleigur“ sem eru í boði. Stöðugt aukast þær kröfur sem gerðar eru til orlofshúsa okkar og því fylgir aukinn kostnaður. Ef deilt er í kostnaðinn, að frádregnum kostnaði við orlofsávísanir, með fjölda „útleiga“ má áætla að rekstrarkostnaður orlofshúsanna sé um 50 til 70 þúsund krónur á viku. Á síðasta ári kostaði vika í orlofshúsi með heitum potti kr. 17.000 en að frádreginni orlofsávísun VR má segja að nettó vikuleiga hafi verið kr. 12.000 og því var meðgjöf sjóðsins á bilinu 40 til 60 þúsund krónur. Ljóst er miðað við núverandi tilhögun á rekstri orlofssjóðs og að gefnum þeim forsendum að allir félagsmenn óski

eftir að dvelja í húsum félagsins þá má gera ráð fyrir að þeir geti fengið úthlutað bústað um sumartímann á u.þ.b. 20 ára fresti.

Í ljósi ofangreindra talna má spyrja sig ýmissa spurninga s.s.: Erum við að reka orlofshús okkar á hagkvæman hátt? Vilja félagsmenn VR fyrst og fremst að við sinn-um rekstri orlofshúsa eða er ásóknin svona mikil sökum verðsins? Ef vika í orlofshúsi VR kostaði kr. 65.000 á viku og félagsmenn gætu safnað orlofsávísunum sínum upp t.d. á 10 árum í kr. 50.000,- myndi ásóknin í orlofshús vera sú hin sama eða nýttu menn sér orlofsávísunina á annan hátt?

Stjórn VR hefur ákveðið að skoða orlofs-málin vandlega á þessu ári og marka stefnu til framtíðar á næsta vetri bæði hvað varðar rekstur orlofshúsa og útgáfu orlofsávísana. Stjórnin hefur þó ákveðið að meðgjöf með hverri útleigu verði ekki mikið meiri en 60% og að hækka leiguverð orlofshúsa í áföngum þar til því marki er náð. Raunar er varla hægt að tala um hækkun, því félagsmenn greiða í raun allan kostnaðinn í dag með iðgjöldum sínum. En með því að láta þá sem njóta dvalar í orlofshúsum okkar greiða örlítið meira er hægt að láta fleiri njóta úrlausna Orlofssjóðs VR og oftast þótt meðgjöfin verði eitthvað minni í hvert sinn.

gpp

Hvert stefnir VR?

Á vordögum 2002 var hafist handa við stefnu-mótun félagsins. Til stóð að marka stefnu til næstu ára, bæði í innra starfi og út á við. Fenginn var ráðgjafi frá KPMG til að aðstoða stjórn og starfsmenn, Þröstur Olaf Sigurjónsson. Hér á eftir verður stiklað á stóru um stefnumótun félagsins og rakin aðalatriðin.

VR er lífsgæðafélag

Við stefnumörkun var tekið mið af því að VR væri lífsgæðafélag með það að markmiði að stuðla að auknum réttindum og lífsgæðum á vinnumarkaði og fjárhagslegu sjálfstæði félagsmanna sinna. Hlutverk þess er m.a. að nýta styrk félagslegrar samstöðu sinnar til eflingar einstaklingsins innan félagsins.

VR er bakhjarl félagsmanna sinna og sýnir þeim umhyggju og stuðning meðal annars með öflugum sjóðum og eflingu kaupmáttar. VR vill efla hæfni og möguleika fólks með betri menntun og þjálfun, eflingu heilsunnar og auknu jafnrétti. VR vill efla stöðu og réttindi fólks á vinnumarkaði með uppbyggingu kaupmáttar, gerð kjarasamninga, rannsóknnum og könnunum, útgáfustarfi, aðhaldi, kröfum og samvinnu. Auk þess stuðla að öryggi og lífánægju fólks í og utan starfs með lífeyris-, sjúkra-, orlofs- og starfsmennta-sjóði.

Innra skipulag

Varðandi innra skipulag þá lá sú ákvörðun fljótlega fyrir að skipta félaginu upp eftir sviðum og ráða stjórnendur á hvert svið. Sviðin urðu fjögur; rekstar- og fjármálasvið, þjónustusvið, tengslasvið og samskipta- og þróunarsvið. Stjórnendur sviða bera ábyrgð á hverju sviði fyrir sig og eru helstu samstarfsmenn formanns. Stjórn félagsins og formaður bera svo endanlega ábyrgð á félaginu.

Háleit markmið

Að sjálfsögðu voru sett háleit markmið til að starfa eftir og vonandi ná þau fram að ganga á næstu árum. Stjórn VR ætlar að tryggja að VR verði þekkt fyrir framsækni og árangurrikt starf í þágu félagsmanna. Stjórn félagsins fundar mánaðarlega þar sem teknar eru allar stærri ákvarðanir sem varða félagsstarfið. Stjórnin stýrir málefnum félagsins milli aðalfunda, vinnur m.a. að stefnumótun og skipulagi félagsins og sér um að þau mál séu í réttu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins en felur formanni eða framkvæmdastjóra daglegan rekstur.

Formaður stefnir að því að auka kaupmátt heildarávinnings um 30% á næstu 10 árum sem komi m.a. fram í hærri launum, meira jafnrétti, auknum sveigjanleika og hærri lífeyri. Hann ber m.a. ábyrgð á stefnumótun og mótari í framhaldi af því markmið félagsins. Hann skipuleggur og starfið á skrifstofunni. Formaður ber ábyrgð á því að gera félagið að því lífsgæðafélagi sem það vill vera, gegnir ábyrgðarhlutverki við gerð kjarasamninga og gætir þess að gera áætlanir um fjárhag og rekstur.

Fjármála- og rekstarsvið ætlar að gera VR að framúrskarandi eftirsóttum vinnustað. Rekstur skrifstofunnar er á könnu þessa sviðs, gæðamál, upplýsingatækni, starfsmannahald, fjármál og bókhald.

Þjónustusvið ætlar að taka svo vel á móti félagsmönnum að eftir því er tekið. Þjónustusvið sinnir upplýsingagjöf til félagsmanna gegnum síma, afgreiðslu úr sjúkrasjóði, úthlutun orlofshúsa, afgreiðslu styrkja úr starfsmennta-sjóðum. Auk þess að sinna kjaramálum félagsmanna og kjarasamningagerð.

Samskipta- og þróunarsvið ætlar að færa félagið nær félagsmönnum. Sviðið sinnir samskiptum við félagsmenn með útgáfu- og kynningarmálum, samstarfi við trúnaðarmenn, menntun og fræðslu.

Tengslasvið vill styrkja samstöðu og samvinnu innan verkalaýðshreyfingarinnar. Tengslasvið sinnir samstarfi við erlend og innlend félagasamtök og miðlar upplýsingum þeirra á milli.



ÞOKAST Í ÁTT TIL LAUNAJAFNRÉTTIS

Giftir karlar eru með nærri helmingi hærri laun en ógiftir eða 3,3 milljónir kr. í árstekjur á móti 1,7 milljónum króna, meðan giftar konur eru með 15% hærri laun en ógiftar eða árstekjur upp á 1,5 milljón króna meðan þær ógiftu eru með 1,3 milljón króna. Ógiftir karlar eða ekki í sambúð eru með 13% hærri laun en konur sem eru giftar eða í sambúð.

Þetta kom fram í erindi Ingólfs V. Gíslasonar, sérfræðings á Jafnréttisstofu, á ráðstefnu um launajafnrétti sem haldin var í tilefni af 8. mars, alþjóðabaráttudegi kvenna. Ingólfur sagði enn fremur að árið 2001 höfðu konur 61,6% af heildartekjum karla en þá er talið til auk launatekna; lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur og bótageiðslur. Árið 1990 höfðu konur 52,3% af heildartekjum karla. Það þokast því í rétta átt. Ekki kemur á óvart að kynbundinn launamunur er minnstur hjá fólki undir tvítugu en þó hafa



stúlkur ekki nema 74,5% af launum stráka. Konur á aldrinum 36-40 ára hafa 49,5% af launum karla en konur á aldrinum 46-50 ára 55%.

Þá fjölluðu Þorgerður, lektor í kynjafræðum við HÍ, og Gunnar Páll Pálsson formaður VR um dreifstýrð launakerfi. Þorgerður taldi að dreifstýrð launakerfi og einstaklingssamningar leiddu til meira launabils karla og kvenna og sagði að launamunur væri lítill þar sem tíðkast lögbundin lágmarkslaun eða miðstýrð launakerfi. Hún sagði hinsvegar að slíkir samningar hafi nú fest sig í sessi á Íslandi og því sé nauðsynlegt að fylgjast vel með þróun launamuns kynjanna með stöðugu eftirliti.

Gunnar Páll sagði í erindi sínu að erfitt væri að miðstýra launasamningum, sérstaklega í félagi eins og VR þar sem breidd félagsmanna væri svo mikil. Fullgildir félagsmenn VR hefðu verið rúmlega 19.000 árið 2001 sem starfa hjá yfir 2000 fyrirtækjum, í mörgum starfsgreinum og með mismunandi menntun. VR gerir launakannanir meðal félagsmanna sinna árlega og þar hefur komið fram að 95% félagsmanna fá greitt yfir töxtum.

Könnunin sýndi að karlar innan VR hafa 24,5% hærri laun en konur og eftir standa óútskýrð 16% þegar tekið hefur verið tillit til ýmissa þátta, s.s. starfsaldurs, stéttar, vinnutíma o.fl.



Aðalfundur VR

verður haldinn mánudaginn 31. mars kl. 19:30 að Nordica Hotel (Hótel Esju). Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, ársskýrsla og reikningar síðasta árs lagðir fram. Auk þess verður tekin afstaða til sameiningar VR og Verslunarmannafélags Akraness. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Vinnuveitanda skylt að greiða kjarasamningsbundnar greiðslur

Nýlega féll dómur í Hæstarétti þar sem deilt var um skyldu vinnuveitanda til greiðslu kjarasamningsbundinna launahækkana og annarra greiðslna sem kveðið er á um í kjarasamningi s.s. orlofsuppbót.

Einnig reyndi á hvort heimild væri til skuldajafnaðar við laun. Launþeginn leitaði til Verslunarmannafélags Akraness sem aðstoðaði félagsmanninn við að ná fram rétti sínum. Niðurstaða dómsins er athyglisverð fyrir alla launþega og tekur af vafa um kjarasamningsbundinn rétt.

Málavextir

S hóf störf hjá T sem er tölvufyrirtæki á Akranesi haustið 1998. Byrjunarlaun voru kr. 170.000 og öll yfirvinna greidd. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur fyrr en í mars 2000 og hækkuðu laun þá í 230.000 kr. en ákveðin yfirvinna var þá talin innifalin í launum. Umdeilt var hve mikil yfirvinna var innifalin í föstum launum. S gerði athugasemdir við launagreiðslur m.a. yfirvinnugreiðslur svo og taldi hann sig eiga að fá kjarasamningsbundnar launahækkanir. Deilt var um hvenær þær athugasemdir hafi komið fram, en T hélt því fram að S hafi ekki gert athugasemdir fyrr en undir lok vinnusambandsins. S sagði upp störfum í lok júní 2001 og í byrjun júlí var ekki óskað frekara vinnuframlags í uppsagnarfresti.

Í málinu var deilt um nokkur grundvallaratriði er koma upp í vinnusambandi er varða greiðslu launa.

Túlkun ráðningar-samnings

Deilt var aðallega um tvær greinar í ráðningarsamningi aðila sem sneru að hvað væri innifalið í umsömdum launum. Fram kom við vitnaleiðslur að samningurinn var saminn af forsvarsmanni T. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að með tilliti til tilurðar samningsins bar T hallan í þeim atriðum sem samningurinn var óljós.

Deilt um rétt til launahækkunar skv. kjarasamningi

Við gerð starfssamnings í mars 2000 hækkuðu laun S í



Guðmundur B. Ólafsson.

230.000 kr. en hann hafði byrjað með 170.000 kr. í laun. S krafðist þess að hann fengi launahækkanir skv. kjarasamningi 3,0% í maí 2000 og 3,9% í janúar 2001. S mótmælt því og taldi að þegar samið var um föst laun þá hafi ekki átt að koma kjarasamningsbundnar hækkanir og benti á að laun hafi hækkað úr 230.000 kr. í 245.000 kr. í desember 2000 skv. samkomulagi við S, og hann hafi þá ekki gert neinar kröfur um aðrar hækkanir. Auk þess hafi S aldrei krafist launahækkana skv. kjarasamningi.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á af hálfu T að hækkanir sem gerðar voru á launum S hefðu átt að koma í stað eða fela í sér þær hækkanir sem kjarasamningur kvað á um. Í rökstuðningi héraðsósóms sagði einnig að þó svo að samið sé um hærri dagvinnulaun en kjarasamningur kveði á um sem lágmarkskjör skerðir það ekki rétt launþega til að annarra greiðslna og réttinda sem kveðið er á um í kjarasamningi. T var dæmt til að greiða S fjárhæð sem samsvaraði launahækkunum skv. kjarasamningi.

Réttur til orlofsuppbótar og desemberuppbótar

S gerði kröfu um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta sem ættu að greiðast án tengsla við laun og því skipti ekki máli hvort um yfirborgun væri að ræða.

T hélt því hins vegar fram að orlofs- og desemberuppbætur væru innifaldar í föstum launum og honum væri ekki skylt að greiða þær enda væru launakjör

yfir lágmarkskjörum skv. kjarasamningi.

Dómurinn taldi að T hafi ekki sýnt fram á að umræddar uppbætur væri innifaldar í umsömdum launum og því bæri honum að greiða þær. Umsamin laun hærri en kjarasamningur kveður á um skerðir ekki rétt launþega til annarra kjarasamningsbundinna greiðslna.

Krafa um yfirvinnulaun

Í upphafi starfssambands fékk S greidd laun fyrir yfirvinnu sérstaklega. Við breytingu á launakjörum til hækkunar í 230.000 hætti hann að fá greidda yfirvinnu sérstaklega. Deilt var um hvenær S gerði fyrst athugasemdir við launakjör sín og voru starfsmenn kallaðir fyrir sem vitni í málinu.

S taldi að við breytingu á kjörum hafi föst 4 stunda laugardagsvinna annan hvern laugardag verið færð inn í launin en ekki önnur yfirvinna.

T hélt því hins vegar fram að öll almenn yfirvinna væri innifalin í föstum launum.

Varðandi það sjónarmið að S hafi ekki gert athugasemdir við tilhögun launagreiðslna taldi dómurinn að m.v. framburð vitna að S hafi komið að athugasemdum nægilega tímalega þannig að ekki var talið að um tómlæti væri að ræða.

Um rétt til yfirvinnugreiðslna komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að ekki verði séð í ráðningarsamningi hve mikil yfirvinna væri innifalin í föstum launum en aðilum bæri saman um að fastur vinnutími væri milli 09-18 virka



daga og 4 tíma á laugardögum. T bæri að greiða S yfirvinnu skv. tímaskráningu umfram þá vinnu. Ekki var talið skipta máli að laun S væru umfram kjarasamningsbundin lágmarkskjör.

Mátti vinnuveitandi skuldajafna launum við aðrar kröfur?

Við uppgjör launa við starfslok skuldajafnaði T launakröfu S við skuldir sem hann taldi S skulda sér. Um var að ræða viðskiptaskuld, kostnaður vegna námskeiðs sem S fór á auk hlutdeildar í kostnaði við farsíma og skuld eiginkonu hans.

T taldi sér heimilt að skuldajafna enda hafi fyrirtækið gert það áður án athugasemda auk þess sem um skuld væri að ræða sem S hefði stofnað til. Sama væri að segja um námskeið sem S hafi farið á og T taldi að S hefði samþykkt að greiða.

S mótmælti skuldajöfnun og taldi það óheimilt skv. lögum Hann hafi á árinu 2000 gefið samþykki fyrir skuldajöfnuði en afturkallað þá heimild og þá hafi því verið hætt. Hann mótmælti einnig að hann ætti að greiða kostnað vegna námskeiðs sem hann fór á.

Niðurstaðan var sú að óheimilt væri fyrir T að skuldajafna þar sem slík heimild hafi ekki legið

fyrir af hálfu S sbr. 1.gr. l. 28/1930 auk þess sem þær skuldir sem um væri að ræða hafi ekki slík tengsl við launakröfuna að réttlætt geti skuldajöfnun. T hefði þurft að halda uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í málinu en það hafi ekki verið gert.

Niðurlag

Að undanförmu hefur borið á því að vinnuveitendur hafa ekki talið sér skylt að greiða umsamdar kjarasamningsbundnar launahækkanir svo og aðrar greiðslur sem kjarasamningur kveður á um s.s. orlofs- og desemberuppbætur á þeirri forsendu að þar sem umsamin laun væru yfir lágmarkskjörum þá þyrfti ekki að greiða skv. kjarasamningi. Þessi dómur tekur af öll tvímæli um skyldur vinnuveitanda til greiðslu. Telji vinnuveitandi sig hafa samið svo við launþega að umræddar greiðslur hafi verið færðar inn í launin þá liggur sönnunarbyrðin fyrir því hjá honum.

Launþegar eru því hvattir til að skoða vel sína starfssamninga þannig að þeim sé ljóst hver laun- kjör þeirra eru og þeir séu ekki að semja af sér kjarasamningsbundnum rétti.

Mál launþegans fluttu þeir Jón Haukur lögmaður á Akranesi fyrir héraðsdómi og Atli Gíslason hrl. fyrir Hæstarétti.

Kveðja til VR-félaga

Undanfarin 3 ár hefur Tandur hf. verið valið fyrirtæki ársins í könnunum sem VR hefur staðið fyrir meðal félagsmanna sinna. Í kjölfarið hefur fylgt mikil og jákvæð umfjöllun.

Nú finnst okkur, starfsmönnum Tandurs, að tími sé kominn til að aðrir fái að láta ljós sitt skína. Höfum við því ákveðið að vera ekki með í könnuninni að þessu sinni.

Kveðja,
Ánægðir starfsmenn Tandurs



Guðmundur Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Tandurs hf., tekur við verðlaununum fyrir fyrirtæki ársins 2002 úr hendi Gunnars Páls Pálssonar, formanns VR.

KARLMENN OG FÆÐINGARORLOF

Ingólfur V. Gíslason:

85-90% karla notfæra sér réttinn til fæðingarorlofs

Nú dynja stöðugt yfir kannanir á fylgi íslenskra stjórnmalaflokka. Oft er þá látið fylgja að ekki sé forspárgildinu fyrir að fara, kannanir mæli stöðuna eins og hún er þegar mælt er og ekki meira. Þetta er óþarfa hógværð. Auðvitað hafa kannanir forspárgildi þó hitt sé líka rétt að þær geta haft þau áhrif á almenning að hann breyti ætlaðri hegðan og geri þannig forspárgildið að engu.

Fyrir sex árum lét tímaritið Heimsmynd kanna afstöðu íslenskra karla til tóku fæðingarorlofs. Niðurstaðan var sú að 87,5% aðspurðra karla sögðust myndu nýta sér þriggja mánaða fæðingarorlof að öllu leyti eða hluta ef það skerti ekki leyfi móður. Nú hafa íslenskir karlar haft sjálfstæðan orlofsrétt í riflega tvö ár og það sýnir sig að nýtingin er mjög í þeim dúr sem þessi könnun sýndi. Hlutfall umsókna karla af umsóknum kvenna er um það bil 80% þau tvö ár sem tölurnar ná yfir. Ef við bætum við þetta að í u.þ.b. 10% fæðinga er enginn faðir til staðar, þ.e. parið hefur ekki búið saman og ætla ekki að gera það, þá er óhætt að fullyrða að 85-90% karla sé að notfæra sér möguleikann.

Ef við síðan skoðum dagafjöldann sem karlarnir nýta þá sjáum við að meðaltals dagafjöldi karla fylgir sérstökum réttindum þeirra þannig að árið 2001 taka þeir að meðaltali riflega 30 daga og árið 2002 taka þeir riflega 60 daga. Um 17% taka minna en þeir eiga

rétt á og riflega 14% meira en þeirra sérstaka rétt.

Fleiri karlmenn að öðlast reynslu í umönnun ungbarna

Miklu fleiri íslenskir karlar nú en nokkru sinni áður eru að öðlast reynslu af því að annast ungbarn. Það er í sjálfu sér enn ekki vitað mikið um hvernig menn eru að nýta orlofið. Við vitum þó að eftir því sem lengra hefur liðið frá því að lögin öðluðust gildi eru fleiri og fleiri feður og mæður sem skipta orlofinu með einhverjum hætti. Ef taka á mið af því sem ég heyri í pabbatímum foreldrafræðslu á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu þá er mjög algengt mynstur að fjölskyldan er öll saman heima fyrstu 2-3 vikurnar, síðan fer faðirinn aftur að vinna og tekur það sem eftir er af orlofinu þegar móðirin hefur nýtt sex mánuði.

Sé þetta hið almenna mynstur þá eru sífellt fleiri karlar í því hlutverki að vera frumumönnunar- aðili ómálga barns, sjá sjálfir um heimilisrekstur og axla þá ábyrgð sem þessu fylgir. Hér er að verða mikil breyting á mjög stuttum tíma.

Þrjú skeið föðurímýndar

Ef flett er tímaritum og bókum sem komið hafa út hérlandis og snúa að fjölskyldumálum þá sýnist mér að á síðustu áratugum höfum við verið að ganga í gegnum þrjú skeið hvað varðar föðurhlutverkið.

Fram undir 1960-1965 búum við við það sem kalla má hefðbundna föðurímýnd. Faðirinn er þar fyrst og fremst skaffarinn, sá sem sér til þess að fjölskyldan hafi það sem hún þarf af efnislegum gæðum. Þar að auki er hann í



nokkurs konar guðahlutverki. Þó svo hann sé e.t.v. ekki til staðar þá svífur andi hans yfir vötnunum. Móðirin vísar til hans: „Mikið held ég að pabbi verði glaður þegar ég segi honum frá þessu!“ Eða: „Hvað heldurðu að pabbi þinn segi nú við þessu?“ Í merk-ingunni, nú verður hann leiður.

Frá 1970 og fram undir 1980-1985 verður faðirinn mun meiri raunverulegur þátttakandi í fjölskyldulífinu. Hann hefur mun meiri raunveruleg samskipti við börnin, er aðgengilegri, og svo er hann sá sem „hjálpar mömmu.“ Eftir sem áður er alveg ljóst að móðirin er í aðalhlutverkinu, hún setur fyrir hvað þurfi að gera og ber megin ábyrgðina. Þátttaka feðra í uppeldi og umönnun er meiri en var en beinist fyrst og fremst að eldri börnum, ekki börnum á þeim aldri þegar þarf að skipta um bleyjur, mata og annað slíkt.

Þetta fer enn að breytast upp úr 1990. Þá verður faðirinn mun sjálfstæðari gerandi í fjölskyldulífinu. Í ríkari mæli axlar hann sjálfur ábyrgðina, tekur ákvarðanir og framkvæmir þær án þess að þurfa stöðugt að bera þær undir aðra. Hann er einnig mun meira með smábörn, sinnir þeim og annast.

Tvær meginskýringar eru á þessari þróun. Önnur er að á sjöunda áratugnum héldu íslenskar konur út á vinnumarkaðinn. Hin felst í því að á þeim áttunda hleyptu konurnar körlum inn á fæðingardeildirnar. Nú er svo komið að nokkurn veginn hver einasti verðandi faðir er viðstaddur fæðingu barns síns. Í æ ríkari mæli koma feður einnig með í mæðraskoðun og foreldrafræðslu. Það má í stuttu máli segja að þróunin hafi verið sú að karlar og konur, verðandi mæður og verðandi feður eru sífellt meira saman í öllu ferlinu.

Ekki mikið færri feður sem koma með börn í leikskóla

Þetta skilar sér síðan áfram í samskiptin og tengslin milli fjölskyldumeðlima. Móðir mín sem var barnakennari í riflega 40 ár segir mér að þegar hún byrjaði að kenna þá var engi líkara en börnin væru föðurlaus, þeir sáu ekki í skólanum. Síðan fóru þeir smátt og smátt að skjóta upp kollinum í foreldravíðtölum og nú er langalgengast að báðir foreldrar komi í slík víðtöl. Það er líka augljóst hverjum þeim sem kemur að skóla eða leikskóla á morgnana að það eru ekki mikið færri feður en mæður sem koma með börnin.

Tengsl fullorðinna karla við börn sín minni en kvennanna

Hérlandar kannanir hafa sýnt að tengsl fullorðinna karla við börnin sín eru minni en kvennanna. Á ári aldraðra 1999 var þetta eitt þeirra atriða sem Gallup kannaði og spurði meðal annars þá sem áttu börn á lífi hversu oft börnin kæmu í heimsókn eða svarandi fari í heimsókn til þeirra. Niðurstaðan var þessi:

	Daglega eða oft	2-3 í viku	1 sinni í viku	Sjaldnar
Karlar	28,6%	27,4%	18,7%	25,4%
Konur	28,7%	32,9%	21,0%	17,3%

Svo sem sjá má þá eru tengslin minni hjá körlum þó munurinn sé ekki stórkostlegur. Ef tölurnar eru teknar saman þá sjáum við að 56% karla hitta börnin sín 2-3 í viku eða oft en 61,6% kvenna.

Þetta er ekkert séríslenskt fyrirbæri, svipaðar niðurstöður sjáum við víða erlendis og oft hefur þetta í för með sér verulega einangrun fullorðinna karla, dregur úr lífsánægju og styttr lífið. Meginástæðan fyrir því að sú er síður raunin hérlandis er að íslenskir karlar vinna svo lengi og fá sín félagslegu tengsl svo mikið í vinnunni.

Það er hins vegar fátt líklegra til að efla tengsl föður og barns en að faðirinn hafi sinnt því frá upphafi. Það er því líklegt að þegar svipuð könnun verður framkvæmd eftir einhverja áratugi þá sjáum við verulega breytingu og tengsl feðranna við börnin verði ekki minni en tengsl mæðranna og barnanna. Því er nefnilega þannig farið að staða karla og kvenna gagnvart börnum er menningarlega skapað fyrirbæri og við erum í óða önn að breyta þeirri menningu, öllum aðilum málsins til gagns og ánægju.

SJÁ ENNFREMUR NÆSTU OPNU

Brotið á foreldrum í fæðingarorlofi

Á síðustu þremur mánuðum hefur orðið vart við umtalsverða aukningu í þeim málaflökki sem snýr að uppsögnum á þunguðum konum og foreldrum í fæðingarorlofi.

Ekki hefur mikið reynt á þau nýju lög fyrir dómstólum, sem tóku gildi 1. janúar 2001 og því er ákveðin óvissa um réttarstöðu þungaðra kvenna og foreldra í fæðingarorlofi. Vissulega hafa uppsagnir á starfsmönnum verið sá málaflökkur sem mest hefur borið á í starfsemi kjaramáladeildar VR á síðasta ári, en hér má greina umtalsverða fjölgun á málum er snúa beint að þessum málaflökki.

Markmið laga og kjarasamninga er augljóslega að mati VR að vernda barnshafandi konur á vinnumarkaði, auk tímabundinnar sérstakrar verndar foreldra sem eru í eða hafa ákveðið töku fæðingar- eða foreldraorlofs. Þungun er tímabundið ástand sem getur haft áhrif á störf kvenna vegna mikilla breytinga á líkamlegu ástandi þeirra. Af þeim sökum er þessi sérstaka vernd tilkomin, auk þess sem möguleikar þessara kvenna til að fá aðra vinnu á þessu tímabili eru mjög takmarkaðir og oft á tíðum illmögulegir, ef atvinnumissir verður á þessu viðkvæma tímabili.

Þau mál sem oftast koma upp í þessum málaflökki eru annars vegar vegna veikinda kvenna á meðgöngu og hins vegar varðandi uppsagnir, eins og áður hefur verið komið að. Leitast verður nú við að skýra þessi vandamál aðeins frekar og sýnt fram á dæmi sem hafa verið að koma inn á síðustu vikum.



Veikindi á meðgöngu – Sjúkrasjóður VR

Almenn veikindi barnshafandi kvenna eru á engan hátt frábrugðin rétti annarra launþega til veikindaréttar skv. kjarasamningum. Þunguð kona skal sýna fram á veikindi sín með nákvæmlega sama hætti og aðrir launþegar, þ.e. með læknisvottorði ef vinnuveitandi fer fram á slíkt. Ef veikindi standa lengur en samningsbundin launagreiðsla frá vinnuveitanda segir til um, á launþeginn annað hvort rétt á greiðslum úr Sjúkrasjóði VR eða frá Tryggingastofnun ríkisins meðan óvinnufærni er til staðar.

Sjúkrasjóður VR greiðir félagsmönnum veikindi eftir að þau hafa staðið yfir í a.m.k. í 12 daga samfelld. Greiðsla úr sjóðnum er 80% af meðallaunum viðkomandi launþega síðustu 6 mánuðum áður en veikindin áttu sér stað.

Tryggingastofnun ríkisins kemur inn í þessa mynd, eftir 7 mánaða meðgöngu, því heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að 2 mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Dæmi: Þunguð kona, sem á 2 mánaða veikindarétt skv. kjarasamningum hjá vinnuveitanda, þ.e. eftir 1 ár í starfi, veikist það alvarlega eftir 4 mánaða meðgöngu að hún verður óvinnufær með öllu fram að fæðingu. Konan fengi fyrst laun frá vinnuveitanda í 2 mánuði, það er á 5. og 6. mánuði, þá fengi hún einn mánuð á 80% launum frá sjúkrasjóði VR, þ.e. 7. mánuðinn, og síðan ætti hún rétt til framlengingar á fæðingarorlofi sínu í allt að 2 mánuði, sem væri fram að fæðingu í þessu tilfelli.

Uppsagnir

Óheimilt að segja upp þunguðum konum, foreldrum í fæðingarorlofi og þeim sem tilkynnt hafa um slíka tilhögun, sbr. 30 gr. laga nr. 95/2000 um vernd gegn uppsögnum, nema gildar ástæður séu fyrir hendi. Almennit séð telst til gildra ástæðna, að fyrirtæki flytjist í annað umdæmi, fyrirtæki hætti rekstri eða sé lagt niður eða þá að um gjaldþrot fyrirtækis sé að ræða. Sé ekki um ofangreind tilvik að ræða, sem almennt eru viðurkennd, skal skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Þarft slíkur rökstuðningur væntanlega að skýra ítarlega brýnar ástæður fyrirtækisins fyrir uppsögn á viðkomandi starfsmanni, en á þetta atriði hefur aldrei reynt fyrir dómstólum.

Hér á síðunni eru nokkur dæmi úr kjaramálasafni VR um slík mál sem nýlega hafa komið upp um réttarstöðu þungaðra kvenna og foreldra í fæðingarorlofi gagnvart uppsögnum. Ýmis atriði geta haft áhrif á það hvort og þá hvernig hægt er að aðstoða launþega í málum sem þessum. Rétt er að minna á að hægt er að leita til kjaramála-deildar VR ef einhverjar frekari spurningar vakna um þessi mál.

Fékk uppsögn vegna fyrirhugaðrar glasafrjóvgunar

Kona sem hugðist gera tilraun til að verða barnshafandi tilkynnti vinnuveitanda um það að hún hefði ákveðið að fara í gervifrjóvgun. Aðgerðin kallaði á stutta fjarvist frá vinnu og ákvað hún því að útskýra fyrir vinnuveitanda hver ástæðan væri. Sama dag og hún átti að fara í aðgerðina var henni sagt upp störfum með samningsbundnum uppsagnarfresti.

Í þessu tilviki var konan ekki orðin þunguð þegar henni var sagt upp og þó svo hún hafi tilkynnt vinnuveitandanum um það hvað hún hefði í hyggju, öðlaðist hún ekki réttindi barnshafandi konu við þá tilkynningu. Vinnuveitandi hafði því rétt á að segja konunni upp störfum undir þessum kringumstæðum.

Var karlmanni sagt upp vegna fæðingarorlofs?

Starfsmaður hafði tilkynnt vinnuveitanda um töku fæðingarorlofs. Hann hugðist taka 2 vikna orlof í janúar 2003 og það sem eftir stæði átti að taka sumarið 2003. Starfsmanninum var sagt upp störfum hjá fyrirtækinu um síðustu áramót.

Í framhaldinu óskaði VR eftir frekari skýringum frá vinnuveitanda og aflaði frekari gagna í málinu.

Vinnuveitandi bar við verkefnaskorti sem ástæðu uppsagnar. Að mati lögmanns VR var rökstuðningur vinnuveitanda ekki fullnægjandi. Vernd fæðingarorlofslaga gagnvart uppsögnum nær m.a. til foreldris sem hefur tilkynnt vinnuveitanda um töku fæðingar- eða foreldraorlofs.

Niðurstaða þessa máls er enn ekki ljós. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt mál kemur til umfjöllunar hjá VR og því forvitnilegt að fylgjast með málalýktum.

Stuttur starfsaldur sögð ástæða uppsagnar

Barnshafandi konu var sagt upp störfum um áramót. Hún hafði sannanlega tilkynnt vinnuveitanda um þungun sína og um það var ekki deilt í málinu. Vinnuveitandi taldi sig vera í rétti með uppsögn á þessari konu, þar sem hann taldi veigameiri þátt í uppsögnunum vera starfsaldur starfsmanna sinna. Kona þessi var með frekar stuttan starfsaldur og þegar til álita kom að segja starfsmönnum upp störfum, lét vinnuveitandi starfsaldur ráða ferðinni.

Í framhaldinu óskaði félagið eftir frekari skýringum frá vinnuveitanda og aflaði frekari gagna í málinu.

Að mati lögmanns VR var ekki heimilt að segja þungaðri konu upp við þessar aðstæður, þar sem þær njóta sérstakrar verndar skv. lögnum. Uppsögn skv. starfsaldri breytti ekki þeirri meginreglu. Þar sem einungis var verið að segja fáum starfsmönnum upp, ætti kona í þessu ástandi að ganga fyrir um vinnu. Ekki var því talið að um fullnægjandi rökstuðning væri að ræða af hálfu vinnuveitanda í málinu og því var talið að um brot á lögum um fæðingar- og foreldraorlof væri að ræða.

Niðurstaða málsins var sú að vinnuveitandi dró uppsögnina til baka.

Ófrískri konu sagt upp á þeim forsendum að leggja ætti niður starf hennar

Barnshafandi konu var sagt upp störfum fyrir síðustu áramót, en hún hafði sannanlega tilkynnt vinnuveitanda um þungun sína og um það var ekki deilt í máli þessu. Vinnuveitandi taldi sig vera í rétti með uppsögn á þessari konu, þar sem hann taldi sig vera að leggja niður deild þá er konan starfaði í. Í framhaldinu óskaði félagið eftir frekari skýringum frá vinnuveitanda og aflaði frekari gagna í málinu.

Að mati lögmanns VR var ekki verið að leggja niður deild viðkomandi starfsmanns í heild sinni, heldur var verið að sameina tvær deildir innan fyrirtækisins. Ekki var því talið að um fullnægjandi rökstuðning væri að ræða af hálfu vinnuveitanda í málinu og því var talið að um brot á lögum um fæðingar- og foreldraorlof væri að ræða.

Niðurstaða málsins var sú að vinnuveitandi dró uppsögnina til baka.

Í ljós kom eftir uppsögn að kona var ófrísk

Dómur hefur fallið í máli konu sem var sagt upp störfum þegar fækkað var í fyrirtækinu. Rétt eftir að hún fékk uppsögnina, kom í ljós að hún var ófrísk. Hún tilkynnti vinnuveitanda sínum um ástand sitt, en vinnuveitandi hafnaði því að draga uppsögnina til baka, þar sem hann hefði ekki vitað um ástand hennar og sagt henni upp í góðri trú. Konan sýndi fram á með aðstoð læknis í máli þessu að hún hefði sannanlega verið orðin þunguð þegar uppsögnin átti sér stað, en niðurstaða varð vinnuveitanda í hag.

Niðurstaða dómstólsins var sú að þungaðar konur hafa ekki réttarstöðu sem slíkar, þ.e. njóti verndar skv. lögum og kjarasamningum, fyrr en að tilkynning til vinnuveitanda hafi farið fram með sannanlegum hætti, þá fyrst njóta þær verndar laganna. Engu máli skiptir hvort konan var þunguð eða ekki þegar uppsögnin átti sér stað, heldur einungis tilkynningin til vinnuveitandans.

Skv. þessari niðurstöðu er það alveg ljóst að tilkynning konu um þungun sína til vinnuveitanda skiptir því öllu máli og slík tilkynning fari fram með sannanlegum hætti.

FORELDRAORLOF

Elías Magnússon og Snorri Kristjánsson:

Lög um fæðingar- og foreldraorlof ER BARN Í VÆNDUM?

Ef svo er þá er ekki úr vegi að kynna sér réttindi og skyldur varðandi fæðingu og fæðingarorlof. Samantektin hér að neðan er nokkuð gróf samantekt úr lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Aðeins er tekið á þeim atriðum sem oftast koma til skoðunar Væntanlegir foreldrar hvattir til að kynna sér málið í tæka tíð fyrir fæðinguna því fyrstu vikurnar eftir að barnið fæðist minnkar heimurinn verulega um stundarsakir.

Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, segir að markmið laganna sé beinlínis að tryggja barni samvistir við bæði föður og móður, auk þess sem löginn eiga að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu – og atvinnulíf. Lögin öðluðust gildi þann 1. janúar 2001. Þar kemur fram að félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn þessa málaflokks og að fæðingarorlofs-sjóður skuli annast greiðslur til foreldra, en hann er í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins, sem sér um alla umsýslu sjóðsins. Sjóðurinn er fjármagnaður með tryggingargjaldi.

Ef ágreiningur kemur upp um hverjir skuli eiga rétt á greiðslum úr sjóðnum, þá skal úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofs-mála, sjá um þann hluta. Sú úrskurðarnefnd er skipuð af ráðherra. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir. Kæra þarf til nefndarinnar innan 3 mánaða frá því að aðila er tilkynnt um upphaflega niðurstöðu og þarf slík kæra að vera skrifleg. Nefndin úrskurðar, eins fljótt og mögulegt er, en þó ekki síðar en 2 mánuðum eftir að mál berst henni.

Fæðingarorlof er leyfi frá laun- uðum störfum sem hefst við fæðingu barns, frumættleiðingu barns yngra en 8 ára eða töku barns í varanlegt föstur, sem er yngra en 8 ára. Starfsmaður telst vera skv. lögnum, hver sá sem vinnur launuð störf í annara þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði.

Fæðingarorlof, níu mánuðir samtals

Foreldrar eiga sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að 3 mánuði hvort um sig frá 1. janúar

2003. Sá réttur er ekki framseljanlegur. Auk þess eiga foreldrar sameiginlegan rétt á 3 mánuðum til viðbótar, sem annað foreldrið getur tekið í heild sinni eða foreldrar geta skipt með sér. Réttur til fæðingarorlofs fellur niður við 18 mánaða aldur barnsins. Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns, en þó er konu heimilt að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag.

Tilkynna fljótt til vinnuveitanda

Tilkynna skal töku fæðingarorlofs til vinnuveitanda eins fljótt og kostur er, en þó ekki síðar en 8 vikum fyrir fyrirhugaðan fæðingardag barns. Tilkynning um töku fæðingarorlofs skal vera skrifleg og skal þar tilkynna fyrirhugaðan upphafsdag orlofsins, lengd og tilhögun. Þar skal einnig gera grein fyrir skiptingu orlofsins milli foreldra. Aðilar, þ.e. bæði launþegi og vinnuveitandi undirrita síðan tilkynningu þessa og móttökudagsetningu.


Starfsmaður skal ávallt eiga rétt til að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi, en allar frekari útfærslur eru háðar samkomulagi milli aðila. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir launþega um tilhögun orlofsins, eins og kostur er. Aldrei skal þó taka fæðingarorlof í skemmri tíma í einu en eina viku í senn.

Óski starfsmaður eftir að taka fæðingarorlof sitt með þeim hætti að vinnuveitandi getur ekki orðið við því, skal vinnuveitandi að höfðu samráði við launþegann leggja til aðra tilhögun innan viku frá móttökudagsetningu tilkynningar og skal þetta gerast skriflega.

Ef samkomulag næst ekki milli aðila um töku fæðingarorlofs, á launþeginn ávallt rétt á að taka fæðingarorlof sitt í einu lagi, frá þeim upphafsdegi sem hann/hún ákveður.

Um þungun og öryggi á vinnustöðum

Ef öryggi og heilbrigði þunguðrar konu, konu sem nýlega hefur alið barn eða konu sem er með barn á brjósti, er í hættu skv. sérstöku mati, skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi hennar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af einhverjum gildum ástæðum, skal fela konunni önnur verkefni, en að öðrum kosti veita henni leyfi frá



störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Þær breytingar sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og eða vinnutíma, skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða á önnur starfstengd réttindi.

Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði

Foreldri skal hafa verið samfelldt á innlendum vinnumarkaði í 6 mánuði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Tekið er til greina starfstími foreldris í öðrum EES ríkjum, ef viðkomandi hefur unnið hér í a.m.k. einn mánuð á síðustu 6 mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs.

Mánaðarleg greiðsla frá sjóðnum í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við 12 mánaða samfelldt tímabil sem lýkur 2 mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Greiðslur til foreldra í 25 – 49% starfi í hverjum mánuði skal þó aldrei vera lægra en sem nemur kr. 62.121 og greiðslur til foreldra í 50 – 100% starfi skal aldrei vera lægra en sem nemur kr. 86.096 á mánuði.

Uppsöfnun réttinda

Í fæðingarorlofi greiðir foreldri í lífeyrissjóð með hefðbundnum hætti og greiðir sjóðurinn 6% framlag vinnuveitanda á móti. Foreldri er einnig heimilt að greiða í séreignasjóð og greiðir þá sjóðurinn framlag vinnuveitanda á móti.

Fæðingarorlof telst til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem til orlofstöku og lengingar orlofs skv. kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta.

Umsókn til Tryggingastofnunar

Sækja skal um greiðslur til Tryggingastofnunar ríkisins í síðasta lagi 6 vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Umsóknin á að vera skrifleg og innihalda sömu upplýsingar og kveðið er á um gagnvart vinnuveitanda hér að framan. Umsóknin skal vera undirrituð af báðum tilvonandi foreldrum og vinnuveitendum þeirra.

Fjölbura fæðingar

Foreldrar eiga sameiginlegan rétt á lengingu um 3 mánuði, fyrir hvert barn umfram eitt.

Veikindi barns og móður

Þurfi barn að dveljast á sjúkrahúsi lengur en 7 daga í beinu framhaldi af fæðingu, er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um þann dagafjölda sem barnið dvelur á sjúkrahúsi, eða í allt að 4 mánuði.

Einnig er heimilt að lengja sameiginlegan rétt foreldra í allt að 3 mánuði, ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Heimilt er einnig að framlengja fæðingarorlof móður um allt að 2 mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Ef þungaðri konu er nauðsynlegt að leggja niður vinnu af heilsufarsástæðum, meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns, skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma, en þó aldrei lengur en 2 mánuði. Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu með vottorði frá lækni.

Foreldraorlof

Foreldri skal eiga rétt til foreldraorlofs í allt að 3 mánuði fyrir hvert barn, sem fætt er eftir 1. janúar 1998. Rétturinn stofnast við fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt föstur. Við ættleiðingu eða töku í varanlegt föstur er miðað við þann tíma sem barnið kemur inn á heimilið. Ef foreldri þarf að sækja barnið til annarra landa, getur foreldraorlof hafist við upphaf ferðar. Réttur til töku foreldraorlofs fellur niður við 8 ára aldur barnsins. Hvort foreldri á sjálfstæðan rétt, sem ekki er framseljanlegur. Ekki er um að ræða greiðslur í foreldraorlofi.

Foreldraorlof er heimilt að taka í einu lagi, ef ekki semst um annað. Einnig er óheimilt að fresta foreldraorlofi, sem launþegi ætlar að taka í beinu framhaldi af fæðingarorlofi eða ef barn veikist og nærvera foreldris er nauðsynleg.

Tilkynning, skipulag og tilhögun orlofsins er að öðru leyti eins og í fæðingarorlofi, sjá hér að framan, eftir því sem við á.

Réttindi á vinnumarkaði

Ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt í fæðingar- og foreldraorlofi.

Starfsmaður skal eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu fæðingar- eða foreldraorlofi. Sé þess ekki kostur skal hann eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning.

Vernd gegn uppsögnum

Óheimilt er að segja starfsmanni upp störfum vegna þess að hann hefur tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingarorlofs eða foreldraorlofs eða er í fæðingar- eða foreldraorlofi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja uppsögninni. Sama gildir um uppsagnir á þunguðum konum og konum sem nýlega hafa alið barn.

Miðhúsaskógur

Fjölmennasta orlofshúsabyggð VR er í Miðhúsaskógi í Biskups-tungum. Þar eru 20 hús til leigu fyrir félagsmenn, öll með heitum potti. Auk þess er þar þjónustuhús fyrir umsjónarmann sem dvelur þar yfir sumarmánuðina. Í hverju húsi eru þrjú svefnherbergi, stofa eldhús og baðherbergi með sturtu. Umhverfið er kjarri vaxið og kjörið til gönguferða og ekki langt að skreppa í bíltúr t.d. að Gullfossi eða Geysi. Búnaðar er í hverju húsi er fyrir 8 manns, þar á meðal sængur og koddar, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Barnarúm fylgir, sjónvarps- og útvarpstæki eru í húsunum, kolagrill fylgir og símasjálfsali er í hverfinu.

Verð fyrir viku kr. 19.500.

Verð á dag kr. 4.800 (skemmri tíma leiga, bókað mánuð fram í tímann).



Akureyri

VR á 5 orlofsíbúðir í fjölbýlishúsinu að Furulundi 10 á Akureyri sem verða til leigu í sumar. Margir vilja bregða sér norður yfir heiðar yfir sumartímann og ferðast um Norðurland og þá er kjörið að hafa aðstöðu á Akureyri. Íbúðir VR á Akureyri eru vel útbúnar fyrir 6-8 manns. Þar eldhús, bað, hjónaherbergi með hjónarúmi og einni konu og annað svefnherbergi með tveimur kojum. Einnig er hægt að sofa í sófa í stofunni en þaðan er gengið út á svalir. Sængur og koddar eru í íbúðunum, en sængur-ver og koddaver þarf að hafa með sér. Barnarúm og barnastóll er í sameiginlegri geymslu á jarðhæð. Sjónvarp og útvarp eru til staðar og kolagrill til að nota á svölum húsanna fylgja.

Verð fyrir viku kr. 17.000.

Verð á dag kr. 3.500.



Húsafell

VR á þrjú nýleg hús í Húsafelli, öll með heitum potti á verönd-inni. Segja má að Húsafell og nágrenni sé útivistarparadís. Góð sundlaug er á staðnum og ýmsir áhugaverðir staðir í nágrenninu. Hægt er að komast í snjósleðaferðir á Langjökul svo eitthvað sé nefnt. Í húsunum er búnaður fyrir 8 manns. Svefnherbergin eru þrjú, stofa eldhús og baðherbergi með sturtu. Sængur og koddar eru í húsunum, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Sjónvarps- og útvarpstæki eru á staðnum, auk þess barnarúm, barnastóll og kolagrill.

Verð fyrir viku kr. 19.500.



Flúðir

Á Flúðum er mikil veðursæld og náttúrufergurð og stutt í áhugaverða staði að skoða, s.s. Skálholt, Gullfoss og Geysi. VR á þrjú hús á Flúðum og eru þau vel útbúin fyrir 8 manns. Þar eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu og stór verönd með heitum potti. Sængur og koddar eru í húsunum, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Sjónvarps- og útvarpstæki eru á staðnum, auk þess barnarúm og kolagrill. A Flúðum er sundlaug og golfvöllur í næsta nágrenni og hestaleiga er í Syðra-Langholti, um 9 km. fjarlægð frá Flúðum.

Verð fyrir viku kr. 19.500.



Stykkishólmur

VR á eitt orlofshús í Stykkishólmi, nánar tiltekið við Sjávarflöt 6, á góðum stað í bænum við sjóinn. Mikil náttúrufergurð er á Snæfellsnesi og því möguleikar á skoðunarferðum í allar áttir. Einnig er vinsælt að fara í siglingu um Breiðafjörðinn. Í húsi VR er allur búnaður fyrir 10 manns og ágæt svefnaðstaða. Svefnherbergin eru fjögur, en auk þess eldhús, bað með sturtu og stór stofa. Sængur og koddar eru í húsunum, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Sjónvarp og útvarp er í húsinu, einnig barnarúm og kolagrill. Heitur pottur er við húsið.

Verð fyrir viku kr. 19.500.



ORLOFSHÚS, ÍBÚÐIR OG TJALDVAGNAR SUMARIÐ 2003

Umsóknarfrestur er til 16. apríl 2003 og liggja niðurstöður fyrir 2. maí. Hægt verður að sækja um orlofshús á netinu, www.vr.is eða með því að fylla út umsóknareyðublaðið á næstu síðu og senda til VR, Kringlunni 7, 103 Reykjavík eða senda fax, númerið er 510 1717. Nánari upplýsingar í Þjónustuveri VR sími 510 1700. Athugið að orlofsávisun VR gildir upp í greiðslu.



Stóri Kambur

Að Stóra Kambi á sunnanverðu Snæfellsnesi á VR tvær stórar orlofsíbúðir í sama húsi; efri og neðri hæð. Vart þarf að fjölyrða um náttúrufergurð á Snæfellsnesi, stutt er í Búðir og Arnarstapa og Snæfellsjökull er í næsta nágrenni. Svefnherbergi eru þrjú í hvorri íbúð, stofa og eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Í húsunum er búnaður fyrir átta manns. Þar eru til staðar sængur og koddar, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Barnarúm- og barnastóll er á staðnum, svo og sjónvarps- og útvarpstæki og kolagrill. Þessar íbúðir voru teknar í notkun vorið 2002.

Verð fyrir viku kr. 17.000.



Ölfusborgir

VR á eitt hús með heitum potti í orlofshúsabyggðinni í Ölfusborgum. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og bað með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir sex manns en annar búnaður fyrir 8 manns. Hægt er að fá lánað barnarúm hjá umsjónar-mönnum. Í húsinu er útvarp og sjónvarp og kolagrill fylgir. Heitur pottur er við húsið. Á svæðinu er knattspyrnuvöllur og leiktæki fyrir börnin og ýmis sameiginleg aðstaða s.s. gufubað. Sumarhúsabyggðin að Ölfusborgum er í jaðri Hveragerðis þar sem alla þjónustu er að fá.

Verð fyrir viku kr. 17.000.



Kirkjubæjarklaustur

VR á eitt parhús á Kirkjubæjarklaustri, þ.e. tvö sambyggð orlofshús. Húsin eru staðsett í þorpsinu, að Skaftárvöllum 3, sem er austasta byggðin. Stutt er í alla þjónustu og verslun, sundlaug er á staðnum. Margt er að skoða í nágrenninu, t.d. er ekki nema hálf tíma akstur í Skaftafell. Í húsunum á Klaustri eru þrjú svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi með sturtu. Allur búnaður er fyrir 8 manns, sængur og koddar eru í húsunum, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Barnarúm- og barnastóll er á staðnum, svo og sjónvarps- og útvarpstæki og kolagrill.

Verð fyrir viku kr. 17.000.

Verð á dag kr. 3.500.



Einarsstaðir/Úlfsstaðir

VR verður með 6 hús til umráða á Héraði, á Einarsstöðum og Úlfsstöðum. Orlofshúsin sem um ræðir eru um 15 mínútna akstur frá Egilsstöðum þar sem margvíslega þjónustu er að fá. Hallormsstaðaskógur og Lagarfljót eru ekki langt undan og ekki er langt til Seyðisfjarðar, Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar. Orlofshúsin eru ætluð til dvalar fyrir 6-8 manns og við það er allur búnaður miðaður. Sængur og koddar eru á staðnum og hægt að fá leigðan rúmfatnað eða taka hann með sé að heiman. Í húsunum er útvarp, sjónvarp og kolagrill.

Verð fyrir viku kr. 17.000.

Verð á dag kr. 3.500.



Skyggnisskógur

Verslunarmannafélag Akraness á eitt hús með heitum potti í sumarhúsahverfinu Skyggnisskógi í Biskupstungum. Skyggnisskógur er í landi Úthlíðar, skammt frá orlofshúsabyggð VR í Miðhúsaskógi. Í húsinu eru tvö svefnherbergi og svefnloft, stofa, eldhús og baðherbergi. Svefnaðstaða og önnur aðstaða í húsinu er fyrir átta. Sængur og koddar eru í húsinu, en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Nokkur þjónusta hefur verið byggð upp á svæðinu. Þar er sundlaug, veitinga- og bensinsala, veitingahús, lítill verslun, hestaleiga og golfvöllur.

Verð fyrir viku kr. 19.500.

Varmahlíð

Nú leigir VR tvö orlofshús allt árið í Varmahlíð í Skagafirði, þekktum áningar-stað ferðamanna á norðuleið. Í Skagafirði eru þekktir sögustaðir í allar áttir og innan við hálf tíma akstur til Sauðárkróks. Orlofshúsin í Varmahlíð eru af svipaðri stærð og orlofshús VR í Miðhúsaskógi, gerð fyrir allt að átta manns og heitur pottur á verönd. Í húsinu eru tvö svefnherbergi og svefnloft, eldhús og baðherbergi með sturtu. Allur búnaðar sambærilegur og í húsum VR. Þetta er annað árið sem félagsmönnum VR býðst að leigja orlofshús í Varmahlíð yfir sumartímann.

Verð fyrir viku kr. 19.500.



Gerðhamrar

Á Gerðhömrum við Dýrafjörð, skammt frá Núpi, er eitt orlofshús til leigu fyrir félagsmenn VR. Húsið er nærri 200 fermetrar að stærð á einni hæð með fjórum svefnherbergjum, tveimur stofum með arni, eldhúsi, borðstofu og baðherbergi. Alls eru í húsinu tíu rúm með sængum. Stór suðurverönd með garðhúsgögnum er við húsið og heitur rafmagnspottur. Frá húsinu er gott útsýni yfir fjörðinn. Næsti þéttbýliskjarni er Þingeyri, hinum megin við fjörðinn, en einnig er stutt til Ísafjarðar og Flateyrar.

Verð fyrir viku kr. 19.500.

Súðavík

Eins og undanfarin ár gefst félagsmönnum kostur á að dvelja í orlofshúsi í Súðavík, þessu 230 íbúa sjávarplássi í Álftafirði við Ísafjarðardjúp. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, í öðru eru tvö rúmstæði, í hinu koja í fullorðinsstærð. Í stofu er hornsófi sem hægt er að breyta í svefnsófa. Sængur og koddar eru fyrir sex en sængurver og koddaver þarf að hafa með sér. Þó er hægt að fá uppbúin rúm gegn aukagjaldi. Í húsinu er sjónvarp og útvarp og kolagrill fylgir. Borðbúnaður er fyrir allt að átta manns. Hægt er að fá barnarúm ef óskað er. Sólverönd er sunnan við húsið.

Verð fyrir viku 17.000.



Bakki í Vatnsdal

Í sumar verða þrjú hús til leigu fyrir félagsmenn að Bakka í Vatnsdal. Húsin eru 52 fermetrar að stærð með tveimur svefnherbergjum, hjónaherbergi og barnaherbergi með tveimur kojum, baði með sturtu, eldhúskrók og stofu. Allt venjulegt innbú er á staðnum, borðbúnaður fyrir allt að átta manns, en rúmföt fylgja ekki. Hægt er að kaupa heimabakað brauð með nokkrum fyrirvara.

Verð fyrir viku kr. 15.500.

Vestmannaeyjar

Í Vestmannaeyjum eiga félagsmenn kost á að leigja tvær íbúðir í Vestmannaeyjum, annarsvegar orlofsíbúð við Áshamra og hinsvegar íbúð við Miðstræti. Í íbúðinni við Áshamra eru tvö svefnherbergi með þremur rúmstæðum hvort, stofa og eldhús, og bað með sturtu. Allur búnaður er fyrir sex manns, sængur og koddar fylgja en ekki rúmföt. Tvær dýnur eru í húsinu. Sjónvarp og útvarp eru í stofu. Í Miðstrætinu sem er rúmlega 100 fermetrar að stærð eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveimur rúmum, stofa, borðstofa, eldhús og bað. Margt er hægt að gera sér til afþreyingar í Eyjum, skoða söfnin, skreppa á hestbak, fara í sprönguna og leiktæki fyrir börn eru í Herjólfsdal.

Verð fyrir viku 15.500.





Tjaldvagnar

Það er vinsæll ferðamáti meðal félagsmanna að leigja sér tjaldvagn yfir sumartímann. Þeir eru ýmist leigðir í 6 eða 13 daga. Sótt er um tjaldvagna eins og orlofshús. Vagnarnir eru afhentir til útleigu að Smiðshöfða 9 og þangað þarf að skila þeim aftur. Í hverjum vagni geta dvalið allt að fjórir. Til þess að fá tjaldvagn þurfa menn að hafa bíl í fulltri tryggingu með tengibúnað sem viðurkenndur er af opinberum skoðunaraðila. Tjaldvagnar eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki hægt að lána þá öðrum. Vögnunum fylgir hitari, borð, stólar og eldunarhella ásamt gaskút sem leigutakar láta fylla á sjálfir.

Verð fyrir 13 daga kr. 23.000.

Verð fyrir 6 daga kr. 14.500.



Viltu skreppa í bústað í einn dag, tvo, þrjá...?

Ertu á leið hringinn og langar að heimsækja fleiri en eitt orlofshús VR eða viltu skreppa í orlofshús yfir helgi, eða jafnvel bara einn dag?

Í fyrrasumar var í fyrsta skipti möguleiki á að félagsmenn gætu verið skemmri tíma en viku í orlofshúsum VR yfir sumartímann. Þetta gaf svo góða raun að ákveðið hefur verið að fjölga húsum í Miðhúsaskógi og gefa þar með fleiri félagsmönnum kost á að njóta dvalar í orlofshúsum VR yfir sumartímann. Hægt verður að bóka mánuð fram í tímann, þannig að 2. maí verður hægt að bóka fyrir júnímánuð, 2. júní verður hægt að bóka fyrir júlímánuð o.s.frv.

Eftirfarandi staðir verða í boði í sumar; Miðhúsaskógur (6 hús), Kirkjubæjarklaustur (1 parhús), Einarssstaðir (1 hús) og Akureyri (2 íbúðir).

Verð fyrir einn sólarhring í húsi með potti er á kr. 4.800 en annars staðar 3.500.



Stéttarfélagssfargjöld með Flugfélagi Íslands

Í gildi er samningur á milli ferðanefndar stéttarfélaganna og Flugfélags Íslands um stéttarfélagssfargjöld. Helstu efnisatriði sammingsins eru eftirfarandi:

Önnur leiðin	Kr.	Sk.	Verð
Akureyri	4.900	415	5.315
Egilsstaðir	4.900	415	5.315
Ísafjörður	4.900	415	5.315

Báðar leiðir	Kr.	Sk.	Verð
Akureyri	9.800	830	10.630
Egilsstaðir	9.800	830	10.630
Ísafjörður	9.800	830	10.630

Ef tveir fullorðnir ferðast saman borga börn hálf barnafargjald.

Skilmálar:

Bóka verður fargjald í síðasta lagi 5 sólarhringum fyrir brottför.

Lágmarksdvöl er 2 sólarhringar. Hámarksdvöl er 1 mánuður.

Stéttarfélagssfargjöld eru seld á sölustöðum Flugfélags Íslands. Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 570 3030.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að kanna þau tilboð sem kunna að vera í gangi á hverjum tíma hjá Flugfélagi Íslands, á netinu eða með öðrum hætti, áður en fargjald er keypt.

UMSÓKNAREYÐUBLAÐ OG ÚTHLUTUNARREGLUR Á NÆSTU SÍÐU

REGLUR um úthlutun orlofshúsa

- Fullgildir félagsmenn njóta forgangs við úthlutun orlofshúsa VR, en þó er heimilt að gera undan- tekningu varðandi öryrkja.
- Úthlutunartímabil sumars er frá lokum maí mánaðar til miðs sept- ember ár hvert, u.þ.b. 16 vikur.
- Páskaviku er úthlutað á sama hátt og sumartíma.
- Þeir sem sótt hafa um hús en fá ekki úthlutað, fara á biðlista, sem úthlutað er eftir, ef einhver fellur út.
- Ef umsókn berst ekki um tiltekna viku og enginn umsækjandi óskar að nýta sér það innan þriggja vikna frá aðalúthlutun, verður húsinu úthlutað til þess sem fyrstur óskar eftir að fá það leigt, þó umsókn hafi ekki borist fyrir aðalúthlutun.
- Ef umsækjandi, sem greitt hefur leigugjald, óskar að hætta við leigu, fær hann endurgreitt, ef húsið leigist öðrum.
- Að loknum sumartíma, frá 15. september til 1. maí, að páskum undanskildum, gildir venjuleg vetrarleiga, en þá eru húsin leigð yfir helgi eða heila viku, allt eftir óskum félaga. Umsóknir um vetr- arleigu eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast, þó aldrei meira en 6 mánuði fram í tímann.
- Réttur til úthlutunar á orlofshúsi byggist á félagsaldri í VR að frá- dregnum fyrri úthlutunum orlofs- húsa samkvæmt stigafjölda sam- anber 9. og 10. lið. Stigafjöldi umsækjenda ræður úthlutun. Séu tveir eða fleiri umsækjendur jafnir að stigum, skal tölva ráða hver fær úthlutað.
- Stig eru reiknuð þannig að hver félagi fær 1 stig fyrir hvern mán- uð sem hann greiðir félagsgjald enda sé hann orðinn fullgildur fé- lagsmaður, það eru þeir sem greitt hafa lágmarksfélagsgjald viðkom- andi árs.
- Fyrir hverja úthlutun á orlofshúsi eða tjaldvagni eru dregin af við- komandi félaga stig, misjafnlega mörg eftir því á hvaða árstíma hann fékk úthlutað, sbr. eftirfar- andi töflu:

	Orlofshús	Tjaldvagnar 6 dagar	Tjaldvagnar 13 dagar
1. júní – 15. júní	20 stig	15 stig	30 stig
16. júní – 15. ágúst	60 stig	30 stig	60 stig
16. ágúst – 15. sept.	20 stig		
Helgarleiga, vetur	10 stig		
Virkir dagar, vetur	0 stig		
Áramót	15 stig		
Páskar	60 stig		
1/2 páskavika	30 stig		

Umsókn um orlofshús eða tjaldvagn

umsóknarfrestur er til 16. apríl 2003

Nafn umsækjanda		Kennitala		
Heimilisfang	Póstnr.	Heimasími	Vinnusími	GSM sími
Vinnustaður				

Aðeins er heimilt að sækja um eina viku í aðalvali og eina í varavali. Heimilt er að sækja um orlofshús í aðalvali og tjaldvagn í varavali eða öfugt.

Orlofshús, staður (fjöldi húsa)		Vikunr.	
Vikan hefst á föstudegi kl. 17:00 og endar á föstudegi kl. 12:00.		Aðalval	Varaval
Húsafell, Borgarfirði (3)	kr. 19.500		
Flúðir, Hrunam.hr. (3)	kr. 19.500		
Miðhúsaskógur, Biskupst. (20)	kr. 19.500		
Skyggisskógur, Biskupst. (1)	kr. 19.500		
Stykkishólmur (1)	kr. 19.500		
Varmahlíð (2)	kr. 19.500		
Kirkjubæjarklaustur (2)	kr. 17.000		
Einarsstaðir á Völlum (4)	kr. 17.000		
Furulundur 10, Akureyri (5)	kr. 17.000		
Stóri Kambur (2)	kr. 17.000		
Ölfusborgir (1)	kr. 17.000		
Stendur til boða hluta af sumri		Vikunr.	
		Aðalval	Varaval
Úlfsstaðaskógur við Einarsstaði (2), vikur nr. 24-31	kr. 17.000		
Súðavík (1), vikur nr. 25-32	kr. 17.000		
Bakki í Vatnsdal (3), vikur nr. 23-34	kr. 15.500		
Vestmannaeyjar (2), vikur nr. 22-31	kr. 15.500		
Gerðhamrar, Dýrafirði (1), vikur nr. 24-35	kr. 19.500		
Tjaldvagnar		Vikunr.	
Vikan hefst á miðvikudegi og endar á þriðjudegi. Vagnarnir skulu sóttir og þeim skilað milli kl. 10:00 og 16:00.		Aðalval	Varaval
Tjaldvagn, 6 dagar	kr. 14.500		
Tjaldvagn, 13 dagar	kr. 23.000		

Dagsetningar og vikunúmer

Orlofshús 7 dagar	Tjaldvagn 6 dagar	Tjaldvagn 13 dagar	Vikunr.
30.05.- 06.06.			22
06.06.- 13.06.	04.06.- 10.06.	04.06.- 17.06.	23
13.06.- 20.06.	11.06.- 17.06.		24
20.06.- 27.06.	18.06.- 24.06.	18.06.- 01.07.	25
27.06.- 04.07.	25.06.- 01.07.		26
04.07.- 11.07.	02.07.- 08.07.	02.07.- 15.07.	27
11.07.- 18.07.	09.07.- 15.07.		28
18.07.- 25.07.	16.07.- 22.07.	16.07.- 29.07.	29
25.07.- 01.08.	23.07.- 29.07.		30
01.08.- 08.08.	30.07.- 05.08.	30.07.- 12.08.	31
08.08.- 15.08.	06.08.- 12.08.		32
15.08.- 22.08.	13.08.- 19.08.	13.08.- 26.08.	33
22.08.- 29.08.	20.08.- 26.08.		34
29.08.- 05.09.	27.08.- 02.09.		35
05.09.- 12.09.			36

Niðurstöður úthlutunarinnar munu liggja fyrir 2. maí og öllum umsækjendum verður tilkynnt um þær bréflaga. Greiða skal leigusamninginn í síðasta lagi 9. maí, að öðrum kosti fellur úthlutun úr gildi.

Útfillist ef við á:

Athugasemdir

Undirskrift

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



Til frádráttar skv. töflunni koma allar úthlutanir frá árinu 1965 þegar VR bauð fyrst upp á orlofshús fyrir félaga sína.

- Þegar sótt er um orlofshús er hægt að merkja við aðalval og varaval. Úthlutað er eftir stigafjölda umsækjenda. Fáir umsækjandi ekki ósk sína uppfyllta skv. aðalvali, er varaval hans skoðað og eigi hann rétt samkvæmt því fær hann úthlutun.

LÚÐRASVEIT VERKALÝÐSINS 50 ÁRA

Að mestu skipuð ungu tónlistar- menntuðu fólki

Lúðrasveitin var stofnuð þann 8. mars 1953 á fundi sem haldinn var á heimili Sigursveins D. Kristinssonar að Grettisgötu 64. Stofnfélagar voru 13 og voru flestir þeirra iðnaðarmenn.



Hugmyndin að stofnun verkalýðslúðrasveitar var ekki alveg ný af nálinni árið 1953. Ein af ástæðum þess að hugmyndin var framkvæmd þá var sú að ágreiningur og klofningur hátíðarhaldanna 1. maí 1952 hafði valdið því að hörð samkeppni varð um þær tvær lúðrasveitir sem fyrir voru í Reykjavík. Fylgismenn hins róttæka meirihluta „Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna“ í Reykjavík töldu því nauðsyn bera til að stofna lúðrasveit sem reiða mætti sig á í slíkum sviptingum. Skörp skil voru á milli fylkinga á þessum árum og hiti í verkalýðsmálum mikill. Verkalýðspólitíkin skaut sér m.a. inn á stofnfund sveitarinnar, en fundurinn sendi samúðarkveðju til sendiráðs Sovétríkjanna vegna fráfalls Jóseps Stalíns sem andast hafði aðeins þrem dögum fyrir.

Hæfir stjórnendur

Fyrsti stjórnandi sveitarinnar var Haraldur Guðmundsson prentari frá Neskaupstað. Seinni stjórn-

endur sveitarinnar í rétttri tímaröð eru þeir Jón Ásgeirsson tónskáld, Jón S. Jónsson tónlistarmaður, Björn Guðjónsson trompetleikari, Sigursveinn D. Kristinsson, Ólafur L. Kristjánsson tónlistarkennari, Ellert Karlsson bankamaður, Jóhann Ingólfsson tónlistarkennari, Malcolm Holloway tónlistarkennari og nú síðast Tryggvi M. Baldvinsson tónskáld.

Gekk upp og ofan

Starf sveitarinnar gekk upp og ofan fyrstu árin og e.t.v. má segja að eiginleg festa í starfinu hafi komist á uppúr 1969 þegar sveitin hélt sína fyrstu opinberu tónleika. Fram að þeim tíma einkenndist starfið af sjálfboðastarfi spilara sem flestir voru iðnaðarmenn og unnu langan vinnudag. Einnig hrjáði sveitina peninga- og hljóðfæraskortur fram af. Verkalýðsfélögin studdu þó sum hver við starfið og þegar sveitinni fór að vaxa ásmegin jókst sá stuðningur til muna. Það mun svo hafa verið í kringum 1960 sem borgarráð hóf fyrst að styrkja starf sveitarinnar og hefur Reykjavíkurborg upp frá því verið ein helsta stoð við starfsemi sveitarinnar. Frá sama tíma tók sveitin þátt í lýðveldishátíðarhöldum í Reykjavík þann 17. júní ár hvert og lengi vel einnig í hátíðarhöldum í tilefni af fyrsta sumardegi.

Lúðrasveit verkalýðsins hefur í áranna rás margoft tekið lagið við ýmsar uppákomur á vegum VR eins og mörgum félagsmönnum er kunnugt.

Stakkaskipti

Starf sveitarinnar tók stakkaskiptum um og í kringum 1970 eins og áður var minnst á. Mjög mikilvægur atburður varð svo árið 1974 þegar sveitin festi kaup á húsnæði fyrir starfseminu, en fram að þeim tíma hafði hún flakkað milli leiguhúsnæða. Enn er lúðrasveitin í þessu húsnæði að Skúlatúni 6, sem nú hefur verið breytt til mikilla muna svo það henti sem best sem æfingaraðstaða og félagsheimili.

Á áttunda áratugnum breyttist svo sveitin smám saman úr því að vera svo til eingöngu skipuð iðnaðarmönnum og yfir í það að vera að mestu leyti skipuð ungu tón-

listarmenntuðu fólki. Upp frá 1970 voru haldnir árlegir tónleikar og síðan um 1980 hafa þeir ávallt verið tvennir á hverju starfsári. Uppeldislegur þáttur ungs tónlistarfólks er eitt af því sem við erum hvað hreyknust af í starfi sveitarinnar á síðustu áratugum.

25 sinnum á ári

Auk tveggja árlegra tónleika kemur sveitin að meðaltali fram um 25 sinnum á ári. Hún er áberandi á baráttudegi verkalýðsins 1. maí ár hvert, 17. júní var áður nefndur og ósjaldan hefur sveitin spilað við móttöku erlendra þjóðhöfðingja hingað til lands svo að fátt eitt sé nefnt. Sveitin hefur þrívægis farið í tónleikaferð til útlanda og mun í aprilmánuði nk. halda í sína 4. ferð, að þessu sinni til St. Pétursborgar í Rússlandi til tónleikahalds.

Hér að framan var aðeins dregið á helstu þróun í starfi sveitarinnar á þessum 50 árum. Þessa samantekt má því aðeins skoða í því ljósi. Ef menn vilja kynna sér frekar sögu lúðrasveitarinnar má benda á bókina „Skært lúðrar hljóma“ eftir Atla Magnússon, sem Ísafoldarprentsmiðja gaf út árið 1984. Einnig er mikinn fróðleik að finna í afmælisriti lúðrasveitarinnar sem gefið var út í tilefni af 40 ára afmælinu árið 1993.

Eggert Jónasson

FJÖLGUN EINELTISMÁLA Á VINNUSTÖÐUM

Óvenju mörg mál hafa komið til kasta VR frá des. sl.

Nú eru rúmlega tvö ár liðin frá ráðstefnu sem VR stóð fyrir til að vekja fólk til umhusunar um einelti á vinnustöðum. Á þeim tíma vakti ekki síst fyrir félaginu að gera sýnilega þá ógnun sem þolandi eineltis stendur frammi fyrir, bæði hvað varðar atvinnuöryggi og heilbrigði. Ennfremur

vildi félagið vekja athygli á þeirri ábyrgð sem hvílir á vinnuveitanda sem lætur hjá líða að bregðast við þá er uppvíst er um einelti á vinnustað.

Það hefur sýnt sig að þessi mál koma inn til meðferðar hjá félaginu öðru hvoru allt árið um kring en nú frá því í desember á síðasta ári hafa málin verið óvenju mörg.

Eru tengsl milli fjölgunar mála og harðnandi atvinnuástands?

Ástæða þess er ekki ljós en óneitanlega er hægt að velta fyrir sér hvort einhver tengsl séu milli þess og harðnandi atvinnuástands, þ.e. aukins atvinnuleysis meðal félagsmanna VR.

Aðkoma VR


Aðkoma félagsins við úrlausn hefur fyrst og fremst verið fölginn í viðtölum við þolendur og ráðleggingum til þeirra við að fá úrlausn sinna mála hjá vinnuveitanda. Starfsmaður VR hefur þá oft farið á fund atvinnurekanda og komið með tillögu að úrlausn.

Sorgleg staðreynd

Því miður hafa mál oft verið þannig vaxin að samskiptin hafa verið slæm lengi og þolandi sér ekki fram á að eiga sér nokkra

framtið hjá fyrirtækinu. Þá hefur lausnin fyrir viðkomandi fyrst og fremst verið fölginn í gerð starfslokasamkomulags milli aðila. Að sjálfsögðu er það ekki lausn í sjálfu sér á eineltismálinu sem slíku og sorgleg staðreynd. Þetta er þó ekki einhlítt og ánægjulegt að segja frá því að nokkur fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að leysa þessi erfiðu mál innanhúss hjá sér og þá jafnvel með utanaðkomandi aðstoð þannig að ekki þurfi að koma til að vinnusamband aðila rofni.

Sigrún Víktorsdóttir



KROSSGÁTA



VERÐLAUN KR. 8.000

Lausn krossgátunnar í febrúarblaðinu, sem var íslenskur málsháttur, er á þessa leið:

Sá fær löngum greiðust svör sem glöggast spyr.

Dregið var úr réttum launsum og kom upp nafn Birgis Guðbrandssonar, sem býr við Hverfisgötuna. Birgir hefur fengið verðlaunin og myndin er af honum.

Hér er svo ný gáta til lausnar. Höfundur gefur þá vísbendingu að lausnin sé úr vísu eftir Þórberg Þórðarson. Síðasti móttökudagur lausna er mánudagur 14. apríl. Vinsamlega látið kennitölu fylgja lausnum og skrifið „krossgáta“ utan á umslagið. Utanáskriftin er: VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á tölvupóstfangið vr@vr.is



Á skrifstofunni í fullri vinnu.



Í atvinnuleit við eldhúsborðið heima.

Alltaf áfall að missa vinnuna

Það er alltaf áfall þegar eintaklingur missir vinnuna og hefur ekki um stundarsakir að öðru að hverfa. Sjálfsagður réttur launamanna sem lenda í þeim aðstæðum er að sækja um atvinnuleysisbætur meðan leitað er að annarri atvinnu. Segja má að atvinnuleysisbætur hafi ekki haldist í hendur við launaþróun í landinu og því löngu komin tími til úrbóta í þeim málum. Eins og sagt var frá í leiðara í síðasta tbl. VR blaðsins hefur VR verið að skoða hvort möguleiki sé á að greiða félagsmönnum viðbót á atvinnuleysisbætur, t.d. 80% af heildarlaunum með nánari skilyrðum, á sama hátt og gert var með fæðingarorlofið á sínum tíma.

Sjálfsagður réttur launamanna sem lenda í þeim aðstæðum er að sækja um atvinnuleysisbætur meðan leitað er að annarri atvinnu.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um málið. Eins hefur atvinnu-málanefnd ASÍ lagt til að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar í 93.000 kr. á mánuði. Að minnsta kosti er ljóst að úrbóta er þörf í málefnum atvinnulausra og er því nauðsynlegt að þrýsta á stjórnvöld til að gera þar bragarbót á.

Hvernig á að sækja um bætur?

VR blaðið leitaði til Árna Leóssonar sem hefur umsjón með greiðslu atvinnuleysisbóta hjá VR og hann benti á nokkur grundvallaratriði sem hafa ber í huga við þessar aðstæður.

Áríðandi að skrá sig strax atvinnulausan

Fyrsta skrefið er að skrá sig hjá Vinnumiðlun sem hefur aðsetur að Enggateigi 11. Það þarf að gera á fyrsta degi sem viðkomandi missir laun. Rétt er að taka fram að greiðslur eru miðaðar við þann dag sem viðkomandi skráir sig at-

vinnulausan hjá Vinnumiðlun. Áfram þarf svo viðkomandi að skrá sig yfirleitt hálfsmánaðarlega, alltaf sama vikudag. Ef veikindi koma í veg fyrir skráningu er nauðsynlegt að koma strax fyrsta dag eftir veikindi með læknisvottorð. Veikindadagar eru ekki greiddir. Umsækjandi þarf að koma með vottorð frá vinnuveitanda þar sem segir til um vinnuhlutfall sl. 12 mánuði og ástæður starfsloka. Úthlutunarnefnd skoðar síðan gögnin og metur rétt viðkomandi til bóta. Þegar nefndin hefur ákvarðað um rétt umsækjanda til bóta fer greiðsla bóta fram á skrifstofu VR, en bæturnar eru greiddar úr Atvinnuleysis-tryggingarsjóði.

Upphæð atvinnuleysisbóta

Hámarksbætur miðast við 100% vinnu á síðustu 12 mánuðum en lágmarksbætur miðast við 25% rétt. Vaktavinna telst til dagvinnustunda og atvinnuleysisbætur teljast til vinnu. Nám í a.m.k. 6

mánuði á sl. 12 mánuðum reiknast sem 13 vikna vinna til viðbótar öðrum bótarétti sem skapast hefur á sömu 12 mánuðum.

Hámarksdagpeningar eru kr. 3.574 á dag en lágmarksbætur eru 1/4 hluti sömu fjárhæðar. Að auki skal greiða þeim, sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára, 4% af fjárhæð hámarksdagpeninga með hverju barni. Af atvinnuleysisbótum greiðir viðkomandi 4% í lífeyrissjóð en Atvinnuleysistryggingarsjóður greiðir 6%. Auk þess má greiða 1% stéttarfélagsgjald ef gefin er um það skrifleg yfirlýsing í umsókn. Þannig halda menn fullum réttindum í lífeyrissjóði og stéttarfélagi í atvinnuleysisinu.

Félagsmaður með 100% bótaréttindi sem fær 50% starf getur haldið áfram á bótum sem nema í því tilfelli 50%.

Ellí- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum.

En hverjir eiga rétt?

Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem eru orðnir 16 ára en yngri en 70 ára, dveljast hér á landi eða í atvinnuleit í aðildarríkjum EES og hafa unnið a.m.k. 10 vikur í 100% starfi á sl. 12 mánuðum í tryggingaskyldri vinnu. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi aðila eru dagvinnustundir miðaðar við skil á tryggingagjaldi.

- Þeir sem eiga launakröfu á gjaldþrota fyrirtæki fá bætur á uppsagnarfrestinum.
- Þeir sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eiga bótarétt þegar þeir verða vinnufærir á ný.
- Þeir sem hverfa frá vinnu af einhverjum ástæðum halda áunnum bótarétti í 24 mánuði.
- Þeir sem sviptir eru frelsi með dómi halda áunnum bótarétti í 24 mánuði

Nánari upplýsingar hjá atvinnuleysisbótadeild VR í síma 510 1710 eða hjá Vinnumiðlun í síma 515 4850 og Vinnumálstofnun í síma 515 4800.

KJARASAMNINGAR

Nefnd VR/LÍV og SA um mat á samningsforsendum kjarasamninga hefur skilað niðurstöðu um að forsendur hafi staðist og því er ekki heimild til uppsagnar launaliða samninganna. Verðbólgan var 1,5% síðustu 12 mánuði og 2,3% síðustu 6 mánuði. Er verðbólga því á báða þessa mælikvarða vel innan þeirra markmiða sem samningsaðilar settu sér.

Undirbúningur er hafinn fyrir næstu kjarasamninga sem eru lausir í febrúar og mars 2004. Gerð var könnun meðal

trúnaðarráðs og trúnaðarmanna á vinnustöðum í kjölfar nýársfundarins í janúar um áhersluþætti í komandi samningaviðræðum. Verið er að rýna í texta síðasta kjarasamnings auk þess sem stefnt er að því að kynna sér erlenda kjarasamninga. Til stendur að kynna sér m.a. kjarasamninga verslunarmanna á Norðurlöndunum, víðar í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Gerður hefur verið samningur við Stöð 2 og Sýn sem gildir loka október árið 2004. Samningurinn fól m.a. í sér launa-

hækkun um síðustu áramót auk svipaðra hækkana að ári. Skrifað hefur verið undir nýjan samning við Neyðarlínuna sem gildir til febrúar 2004.

Fulltrúi VR, Elías Magnússon, hefur undanfarnar vikur ferðast um landið með stutt námskeið og/eða kynningu á ákvæðum kjarasamnings um starfs- og launaviðtalið. Hann hefur nú þegar heimsótt Selfoss, Akureyri, Egilsstaði, Vestmannaeyjar og Borgarnes. Fyrirhugað er að fara víðar um landið á næstu mánuðum.



Starf okkar
eflir
þitt starf



Nokkrar aðferðir til að gera vinnufélögunum lífið óbærilegt

Frysta/Gagnrýna stöðugt/Gera lítið úr frammistöðu
í starfi/Einangra/Niðurlægja fyrir framan aðra/Hæða
/Halda upplýsingum leyndum/Ofsækja/Veita of mörg
eða of fá verkefni/Auka ábyrgð en minnka vald/Neita
um frí/Hóta brottrekstri/Rógbera/Njósna um/Tefja
frá vinnu/Útiloka frá verkefnum, fundum eða veislum

Það eru líka til aðferðir til að bregðast við einelti

Einelti á vinnustað er víðtækt vandamál sem snertir mjög marga. Það hefur ekki einungis mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þolandann sjálfan, heldur einnig atvinnulífið og samfélagið allt. Það á enginn að þurfa að líða fyrir einelti í vinnunni. Leitaðu upplýsinga um leiðir til úrlausna á www.vr.is eða í síma 510 1700.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur

